# Fundargerð

**138. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins**
þriðjudaginn 27. apríl 2010 kl. $12^{00}$ –$13^{45}$.

| | | |
|---|---|---|
| Viðstödd: | Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður | Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. |
| | Bryndís Skúladóttir (BS) | |
| | Ögmundur Einarsson (ÖE) | Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari. |
| | Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) | |
| | Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) | |

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

(1) Fundargerð síðasta fundar.
(2) Rekstur fyrsta ársfjórðungs
(3) Kælimiðlar
(4) Veiðarfæri
(5) Stefnumál
(6) Önnur mál

**1. Fundargerð**

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (137. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

**2. Rekstur fyrsta ársfjórðungs**

ÓK leggur fram minnisblað og fer yfir stöðu vöruflokka fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 samanborið við fyrsta ársfjórðung áranna 2008 og 2009.

**3. Kælimiðlar**

Umræðum um fyrirliggjandi minnisblað frestað.

**4. Veiðarfæri**

Farið yfir samning LÍÚ og ÚS um meðhöndlun veiðarfæra úr gerviefnum, frá 29. ágúst 2005, með vísan til 3 mgr. 8. gr laga nr. 162/2002. Farið var yfir 4. gr samningsins um ráðstöfun og árangur.

*Framkvæmdstjóra falið að fá upplýsingar um framkvæmd samningsins um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna veiðarfæra úr gerviefnum og leggja fyrir stjórn.*

**5. Stefnumál**

Í framhaldi af síðasta stjórnarfundi um stefnumál ræddi ÓK um orkuvinnslu umbúðaúrgangs og einingargreiðslur.

**6. Önnur mál**

ÓK lagði fram framlag Úrvinnslusjóðs í bækling sem Pro-Europe ætlar að gefa út í haust um hin ýmsu kerfi umbúðasöfnunar í Evrópu.

Fundi slitið kl 13:45. Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs.